



ÚRSKURÐARNEFND  
VELFERÐARMÁLA

ÁRSSKÝRSLA  
2024

**Úrskurðarnefnd velferðarmála**

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

Sími: 551-8200

postur@urvel.is

www.urvel.is

Umsjón og ritstjórn: Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi

# Efnisyfirlit

|                                                          |    |
|----------------------------------------------------------|----|
| Ávarp formanns .....                                     | 4  |
| Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála.....               | 6  |
| Málafjöldi .....                                         | 7  |
| a) Fjöldi mála 2024 .....                                | 7  |
| b) Fjöldi mála 2016–2024.....                            | 8  |
| Málaflokkar .....                                        | 9  |
| a) Almannatryggingar.....                                | 9  |
| b) Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir ..... | 12 |
| c) Barnavernd .....                                      | 13 |
| d) Félagsþjónusta og húsnæðismál.....                    | 14 |
| e) Fæðingar- og foreldraorlof.....                       | 16 |
| f) Greiðsluaðlögun .....                                 | 17 |
| Málsmeðferðartími.....                                   | 18 |
| Ýmsar upplýsingar .....                                  | 20 |
| a) Fjármál .....                                         | 20 |
| b) Umboðsmaður Alþingis .....                            | 21 |
| c) Ýmsar tölfraðilegar upplýsingar .....                 | 22 |
| 1. Afgreiðsla heildarfjölda mála* .....                  | 22 |
| 2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum .....          | 23 |

# Ávarp formanns

Á árinu 2024 bárust úrskurðarnefnd velferðarmála 662 kærur. Í flestum málaflokkum sem kæranlegir eru til nefndarinnar var fjöldi mála svipaður á milli ára en mikil aukning var þó í atvinnuleysistryggingamálum, þar sem málum fjölgaði um 53% á milli ára.

Eins og undanfarin ár var fjöldi mála varðandi almannatryggingar mestur eða 356 mál, málum er varða atvinnuleysistryggingar hefur eins og áður sagði fjölgað mikið og var fjöldi mála samtals 198 mál árið 2024. Heildarfjöldi mála í öðrum málaflokkum, þ.e. mál er varða barnavernd, félagsþjónustu og húsnæðismála, fæðingar og foreldraorlof svo og greiðsluaðlögun var samtals 108 mál.

Með nýrri lagasetningu og breytingu á eldri lögum hafa verkefni úrskurðarnefndarinnar aukist ár frá ári. Í því samhengi er rétt að nefna lög nr. 94/2023 um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ sem tóku gildi 20. desember 2023. Markmið laganna er að lækka húsnæðiskostnað Grindvíkinga sem þurfa að leigja húsnæði til íbúðar utan Grindavíkur vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga. Ákvarðanir sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun tekur á grundvelli laganna eru kæranlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Einnig voru á árinu 2024 sett ný lög nr. 47/2024 um sjúklingatryggingu sem taka gildi 1. janúar 2025. Lögin fela í sér breytingar sem styrkja réttarstöðu sjúklinga sem verða fyrir heilsutjóni í tengslum við veitta heilbrigðisþjónustu. Væntanlega mun sú breyting leiða til fjölgunar mála hjá úrskurðarnefndinni. Samkvæmt lögnum er Sjúkratryggingum Íslands skylt að annast bótamál sem byggjast á þeim lögum. Áður voru sjálfstætt starfandi veitendur heilbrigðisþjónustu með sjúklingatryggingar hjá hinum ýmsu tryggingafélögum en reynslan sýndi að málsmeðferð var ólík eftir tryggingafélögum, meðal annars var mismunandi hvernig sjúklingum var gert að sanna tjón sitt. Markmið breytinganna er að samræma málsmeðferð bótamála og tryggja jafnræði. Samkvæmt lögnum er veitendum heilbrigðisþjónustu nú skylt að upplýsa sjúklinga um tilvist sjúklingatryggingar og mögulegan rétt þeirra til bóta. Ákvörðunum Sjúkratrygginga Íslands sem teknar eru á grundvelli laganna má skjóta til úrskurðarnefndarinnar.

Eitt af markmiðum úrskurðarnefndarinnar er að afgreiða kærur innan þeirra tímamarka sem fram koma í lögum nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála. Í 3. mgr. 7. gr. laganna segir að nefndin skuli kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál nema sérstakar ástæður hamli. Því markmiði var náð á árinu 2024 þar sem meðaltal málsmeðferðartíma allra málaflokka var þrír mánuði.

Ánægjuleg þróun hefur orðið varðandi fjölgun rafrænna kæra til nefndarinnar, 86% af heildarfjölda kæra bárust á þann hátt árið 2024 og hafa þær aldrei verið fleiri. Þegar af þeirri ástæðu verður meðferð mála mun hraðari og skilvikari.

Þegar litið er til þeirrar ánægjulegu stöðu sem fram kemur í tölfræði um afgreiðslu mála hjá úrskurðarnefndinni er ekki úr vegi að þakka starfsfólki fyrir vel unnin störf.



*Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður*

# Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála

Úrskurðarnefndin er annars vegar skipuð fjórum nefndarmönnum sem skipaðir eru í fullt starf til fimm ára og hins vegar átta nefndarmönnum og jafnmörgum til vara til fjögurra ára í senn, sbr. 2. gr. laga nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála.

## ***Nefndina skipa:***

### **Skipaðir í fullt starf:**

Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður  
Hólmfríður Birna Guðmundsdóttir lögfræðingur  
Kári Gunndórsson lögfræðingur  
Rakel Þorsteinsdóttir lögfræðingur

### **Aðrir nefndarmenn:**

Agnar Bragi Bragason lögfræðingur  
Arnar Kristinsson lögfræðingur  
Björn Jóhannesson lögfræðingur  
Eva Dís Pálmadóttir lögfræðingur  
Guðfinna Eydal sálfræðingur  
Kristinn Tómasson læknir  
Unnþór Jónsson lögfræðingur  
Þórhildur Líndal lögfræðingur

### **Varamenn:**


Ari Karlsson lögfræðingur  
Erla Guðrún Ingimundardóttir lögfræðingur  
Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögfræðingur  
Guðríður Anna Kristjánsdóttir lögfræðingur og tannlæknir  
Helgi Viborg sálfræðingur  
Hrafnhildur Árnadóttir lögfræðingur  
Jón Baldursson læknir  
Margrét Gunnlaugsdóttir lögfræðingur

# Málafjöldi

## a) Fjöldi mála 2024

Á níunda starfsári úrskurðarnefndar velferðarmála bárust nefndinni samtals 662 kærur sem skiptast á eftirfarandi hátt eftir málaflokkum:


| Kærur – málaflokkar                             | Fjöldi mála |
|-------------------------------------------------|-------------|
| Almannatryggingar                               | 356         |
| Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir | 198         |
| Barnavernd                                      | 24          |
| Félagsþjónusta og húsnæðismál                   | 54          |
| Fæðingar- og foreldraorlof                      | 22          |
| Greiðsluaðlögun                                 | 8           |
| Óflokkað                                        | 0           |
| Samtals:                                        | 662         |



## b) Fjöldi mála 2016–2024

Í neðangreindri töflu og súluriti eru upplýsingar um skiptingu kæra milli málaflokka frá 2016, þ.e. frá stofnun úrskurðarnefndarinnar fram til ársins 2024.

| Kærur - málaflokkar                             | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 |
|-------------------------------------------------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|
| Almannatryggingar                               | 327  | 319  | 334  | 385  | 375  | 363  | 381  | 369  | 356  |
| Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir | 37   | 59   | 39   | 71   | 171  | 196  | 128  | 129  | 198  |
| Barnavernd                                      | 32   | 23   | 17   | 37   | 25   | 54   | 32   | 29   | 24   |
| Félagsþjónusta og húsnæðismál                   | 56   | 45   | 39   | 50   | 80   | 63   | 47   | 54   | 54   |
| Fæðingar- og foreldraorlof                      | 18   | 17   | 12   | 9    | 18   | 22   | 8    | 26   | 22   |
| Greiðsluaðlögun                                 | 36   | 20   | 9    | 7    | 8    | 4    | 2    | 4    | 8    |
| Óflokkað                                        | 0    | 4    | 4    | 0    | 2    | 1    | 0    | 0    | 0    |
| Samtals:                                        | 506  | 487  | 454  | 559  | 679  | 703  | 598  | 611  | 662  |




# Málaflokkar


Úrskurðarnefnd velferðarmála skal úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana eftir því sem mælt er fyrir um í lögum sem kveða á um málskot til nefndarinnar, sbr. 1. gr. laga nr. 85/2015. Þeir málaflokkar sem úrskurðarnefndin hefur til meðferðar koma fram í eftirfarandi sex liðum, meðal annars upplýsingar um skiptingu mála eftir því hvert ágreiningsefnið er. Í þeim kökuritum þar sem verið er að fjalla um niðurstöðu úrskurða er einungis verið að fjalla um efnislega niðurstöðu þeirra en ekki mál sem hafa verið afturkölluð, framsend eða vísað frá.

## a) Almennatryggingar


Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða kærur vegna ákvæðana Sjúkratrygginga Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar, lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu og lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga svo og lögum nr. 74/2020 um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða.




### Almannatryggingar: Niðurstöður úrskurða\*




### Lög nr. 100/2007 um almannatryggingar\*




### Lög nr. 99/2007 um félagslega aðstoð\*




### Lög nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu\*




### Lög nr. 112/2008 um sjúkratryggingar



Lög nr. 45/2015 um  
slysatryggingar  
almannatrygginga\*



Lög nr. 74/2020 um  
félagslegan viðbótarstuðning  
við aldraða




\* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til. Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.

## b) Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir

Samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar eru kærarlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála ákvarðanir Vinnumálastofnunar um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kærarlegar ákvarðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir. Auk þess eru kærarlegar ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 87/2023 um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.




Lög nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar



### c) Barnavernd


Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er heimilt að kæra margvíslega úrskurði og aðrar stjórnvaldsákvarðanir barnaverndarþjónustu, umdæmisráða barnaverndar og Barna- og fjölskyldustofu til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Barnaverndarlög nr. 80/2002




#### d) Félagsþjónusta og húsnæðismál

Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða ákvarðanir félagsmálanefnda á grundvelli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ákvarðanir Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur og stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir eru kæranlegar til nefndarinnar sem og ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 44/1998 um húsnæðismál. Jafnframt er unnt að kæra til nefndarinnar ákvarðanir sveitarfélaga um þjónustu sem teknar eru á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.




Félagsþjónusta og húsnæðismál:  
Niðurstöður mála\*




\* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfelli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.


Lög nr. 40/1991 um  
félagsþjónustu\*




Lög nr. 75/2016 um  
húsnæðisbætur



Lög nr. 44/1998 um  
húsnæðismál




Lög nr. 38/2018 um þjónustu  
við fatlað fólk með langvarandi  
stuðningsþarfir




\* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfelli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnssýslulaga.

### e) Fæðingar- og foreldraorlof

Samkvæmt lögum nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof er unnt að kæra til nefndarinnar ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kæranlegar ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins um réttindi foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna sem teknar eru á grundvelli laga nr. 22/2006 um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, svo og ákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 77/2022 um sorgarleyfi.





Fæðingar- og foreldraorlofsmál:  
Niðurstöður mála



## f) Greiðsluaðlögun


Samkvæmt lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga eru tilteknar ákvarðanir umboðsmannsskuldara og umsjónarmannameðgreiðsluaðlögunar um leitunum kærarlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Þá eru kærarlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála ákvarðanir umboðsmanns skuldara um synjun fjárhagsaðstoðar samkvæmt lögum nr. 9/2014 um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta.



## Málsmeðferðartími


Eitt meginmarkmið úrskurðarnefndar velferðarmála er að afgreiða kærur innan þeirra tímamarka sem fram koma í lögum nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála. Í 3. mgr. 7. gr. segir að nefndin skuli kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál nema sérstakar ástæður hamli. Málsmeðferðartími telst frá þeim tíma er kæra berst nefndinni og þar til úrskurður er kveðinn upp.

Málsmeðferðartími allra málaflokka var eftirfarandi að meðaltali í mánuðum:



Málsmeðferðartími einstakra málaflokka var eftirfarandi að meðaltali í mánuðum:

### Málsmeðferðartími 2016-2024 í mánuðum



# Ýmsar upplýsingar

## a) Fjármál

Í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál er lögð sérstök áhersla á hugsun til lengri tíma, stöðugleika í fjármálum og betri reikningsskil. Þegar fjármál hins opinbera eru annars vegar er markmiðið ávallt að sérhver stofnun sé með gegnsætt bókhald og haldi sig innan þeirra fjárheimilda sem heimilaðar eru í upphafi.

Fjárveitingar til úrskurðarnefndar velferðarmála vegna ársins 2024 voru 206.100.000 krónur. Sértekjur og aðrar tekjur nefndarinnar voru alls 17.933.333 krónur. Alls voru því til ráðstöfunar á árinu 224.033.333 krónur. Rekstrarkostnaður úrskurðarnefndarinnar vegna ársins 2024 nam 222.480.652 krónum. Rekstrarafkoma var því 1.552.681 króna.

## b) Umboðsmaður Alþingis

Á árinu 2024 bárust 12 erindi frá umboðsmanni Alþingis vegna kvartana frá kærendum eftir að úrskurðarnefnd velferðarmála hafði úrskurðað í umræddum málum.

Meirihluti málanna vörðuðu almannatryggingar eða samtals níu mál, tvö mál atvinnuleysistryggingar og eitt mál barnavernd.

Premur málum lauk á árinu 2024 án aðgerða. Í lok árs 2024 var níu málum því ólokið.

Á árinu 2024 lauk umboðsmaður Alþingis 13 málum sem bárust árið 2023. Tíu mál vörðuðu almannatrygginga, sex málum lauk án aðgerða, þremur málum lauk með ábendingu og úrskurðarnefndin tók eitt mál upp aftur.

Tvö mál vörðuðu atvinnuleysistryggingar og lauk þeim án aðgerða. Eitt mál varðaði barnavernd og lauk því án aðgerðar.

### Mál sem bárust árið 2024

|                                                 |           |
|-------------------------------------------------|-----------|
| Almannatryggingar                               | 9         |
| Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir | 2         |
| Barnavernd                                      | 1         |
| Félagsþjónusta og húsnæðismál                   | 0         |
| Fæðingar- og foreldraorlof                      | 0         |
| Greiðsluaðlögun                                 | 0         |
| <b>Samtals</b>                                  | <b>12</b> |

|                        |   |
|------------------------|---|
| Málum lokið án aðgerða | 3 |
|------------------------|---|

### Mál sem bárust árið 2023 en voru afgreidd árið 2024


|                                        |           |
|----------------------------------------|-----------|
| Almannatryggingar                      | 10        |
| Atvinnuleysis- og vinnumarkaðsaðgerðir | 2         |
| Barnavernd                             | 1         |
| <b>Samtals</b>                         | <b>13</b> |

|                                    |           |
|------------------------------------|-----------|
| Málum lokið án aðgerða             | 9         |
| Málum lokið með ábendingu          | 3         |
| Úrskurðarnefndin tók mál upp aftur | 1         |
| <b>Samtals</b>                     | <b>13</b> |

## c) Ýmsar tölfræðilegar upplýsingar

### 1. Afgreiðsla heildarfjölda mála\*



Úrskurðarnefnd velferðarmála afgreiddi samtals 639 mál á árinu 2024 með eftirfarandi hætti. Þar undir eru mál sem bárust árið 2024 svo og mál sem borist höfðu fyrir þann tíma en voru ekki afgreidd fyrr en á árinu 2024.




\* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til. Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.

## 2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum


Eftirfarandi kökurit sýna niðurstöðu úrskurða árið 2024 eftir stjórnvaldi þegar úrskurðarnefndin hefur tekið afstöðu til ágreinings:




### Umdæmisráð barnaverndar



### Barnaverndarþjónustur




### Fæðingarorlofssjóður




\* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til. Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfalli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.

Húsnæðis- og  
mannvirkjastofnun




■ Staðfest ■ Felld úr gildi

Vinnumálastofnun




■ Staðfest ■ Felld úr gildi

Umboðsmaður skuldara




■ Staðfest ■ Felld úr gildi

Sýslumaðurinn á  
höfuðborgarsvæðinu




100%  
■ Staðfest

Reykjavíkurborg\*



■ Staðfest ■ Felld úr gildi ■ Annað

Önnur sveitarfélög\*



■ Staðfest ■ Felld úr gildi ■ Annað

\* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfelli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.



